

Reykjavík, 17.5. 2021

Umsögn

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglíngastarfs í Kringlumýri

Efni: Breyting á stjórnun sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs.

Hofið er sértæk félagsmiðstöð sem býður upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglíngar í 5. – 10. bekk í almennum grunnskólum og Brúarskóla sem stunda nám og/eða búa vestan Elliðaána.

Á næsta skólaári 2021-2022 er áætlað að yfir 20 börn og unglíngar muni sækja þjónustu í Hofinu sem stunda nám í 11 skólum víðsvegar úr borginni. Hofið er staðsett að Þorragötu 3, 101 Reykjavík sl. ár og hefur verið hluti af Frístundamiðstöðinni Tjörninni. Flestir þátttakendur Hofsins sækja skóla og/eða búa í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi.

Undirrituð er samþykkt þessari tillögu að breytingu á að stjórnun Hofsins færist frá Tjörninni til Kringlumýrar. Við hjá Kringlumýri teljum okkur geta boðið upp á þjónustu fyrir börn og unglíngar úr Hofinu, oftast en ekki í nærumhverfi hvers og eins, í það minnsta að hluta af viðverutíma einstaklinganna. Markmiðið með þessari breytingu væri að auðvelda þátttakendum Hofsins að fara í þá félagsmiðstöð sem tilheyrir heimahverfi og/eða skóla viðkomandi þá daga sem opnun er fyrir viðkomandi aldur í stað þess að fara í húsnæði Hofsins. Þá daga sem ekki er boðið upp á almennt starf í viðkomandi félagsmiðstöð munu þátttakendur mæta í húsnæði Hofsins. Með þessu móti gæfist börnunum tækifæri að rækta venskap við skóla- og bekkjarfélaga í almennu starfi félagsmiðstöðva og starfið verður aldurskipt.

Með því að stjórnendur Hofsins hafi sama yfirmann og forstöðumenn í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar eru tækifæri til enn frekari samstarfs og samnýtingar. Með þessari breytingu munu forstöðumenn hittast á sameiginlegum vettvangi og fundum til að ræða málefni barna og unglíngar í hverfinu og forstöðumönnum í almennu starfinu gæfist kostur á að aðlaga starfið enn frekar að einstaklingum sem þurfa á sértækum stuðningi og eða hvatningu á að halda.

Virðingarfyllst,



Þórhildur Rafns Jónsdóttir

Reykjavík, 18.maí 2021

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar og Andrea Marel, deildarstjóri unglिंगastarfs Tjarnarinnar.

Efni: Breyting á stjórnun sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofsins.

Tjörnin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á þjónustu Hofsins næsta skólaár. Þar sem að flest börnin tilheyra borgarhluta Kringlumýri þá teljum við breytinguna vera skref í rétta átt varðandi að færa þjónustuna nær heimaskólum barnanna, draga úr tíma sem að fer í akstur til og frá félagsmiðstöðinni og auka frístundastarf án aðgreiningar. Við fögnum því að aldursskipta eigi starfi Hofsins en það er mikilvægt skref í þá átt að bjóða upp á starf við hæfi hvers og eins. Með þessari breytingu færumst við nær því að þjónustan samræmist *lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 39/2018, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025 og menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030.*

Tjörnin leggur áherslu á að gott samtal og samráð eigi sér stað við börnin, fjölskyldur þeirra og starfsmenn Hofsins til að breytingarnar verði sem best heppnaðar.

Það gæti skapað vanda að frístundastarf fyrir 10-12 ára er ekki í boði alla daga og í mörgum félagsmiðstöðvum fer það fram eftir kl.17.00. Starf fyrir unglिंगana fer fram að stórum hluta á kvöldin. Tryggja þarf getu félagsmiðstöðva til að geta boðið upp á starf fyrir öll börn og unglिंगa.

Eftir yfirfærslu á starfsemi Hofsins til Kringlumýri mun hluti af börnum og unglिंगum vera í heimaskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og tilheyra félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar. Því er mikilvægt að tryggja samtal við deildarstjóra unglिंगastarf í Tjörninni og forstöðumenn félagsmiðstöðvanna.

Andrea Marel, deildarstjóri unglिंगastarf Tjarnarinnar

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar